



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 2. febrúar, 2015

Ákvörðun nr. 3/2015

Samruni Straums fjárfestingarbanka hf. og Íslenskra verðbréfa hf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst bréf þann 30. desember sl. með tilkynningu um að Straumur fjárfestingarbanki hf. (hér eftir Straumur) hefði öðlast yfirráð yfir Íslenskum verðbréfum hf. (hér eftir ÍV), þar sem félagið hafði eignast meirihluta hlutafjár í félaginu. Með tilkynningunni fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær (styttri tilkynning). Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a laganna. Með bréfi dags. 9. janúar sl. tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi og frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga nr. 44/2005 hefðu hafist þann 31. desember sl.

Með bréfi dags. 29. desember sl. veitti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum undanþágu frá banni við framkvæmd samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga, sbr. og 2. mgr. 5 gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 684/2008. Hafði bankinn með bréfi dags. 23. desember, fært fyrir því rök að þetta væri nauðsynlegt fyrir framgang viðskiptanna. Lýsti bankinn því yfir að hann myndi ekki grípa til neinna aðgerða sem kæmu í veg fyrir að unnt yrði að vinda ofan af samrunanum, yrði niðurstaða eftirlitsins á þann veg að samruninn kæmi til með að raska samkeppni.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið óskað ýmissa gagna og upplýsinga frá samrunaaðilum og keppinautum þeirra. Þá hefur eftirlitið einnig haft samskipti við aðila sem kunna að hafa hagsmuni af samrunanum. Verður vísað til þessara upplýsinga við úrlausn málsins eftir því sem ástæða þykir til.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti gerst vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt.



Í samrunaskrá segir að Straumur sé fjárfestingarbanki og starfi á afmörkuðum hluta fjármálamarkaðarins. Starfsemi bankans felist í þjónustu í tengslum við markaðsviðskipti og fyrirtækjaráðgjöf, jafnframt hafi bankinn nýverið hafið uppbyggingu eignastýringar. Eignarhald félagsins er dreift og er að stærstu leyti í eigu eignarhaldsfélaga í eigu einstaklinga, þ. á m. starfsmanna bankans.

Í samrunaskrá segir að ÍV sé fjármálafyrirtæki sem sérhæfi sig í þjónustu á sviði markaðsviðskipta og eignastýringar. Höfuðstöðvar félagsins eru að Strandgötu 3 á Akureyri en fyrirtækið er einnig með skrifstofu í Reykjavík sem þjónustar viðskiptavinum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir samrunann eru helstu hluthafar, Íslandsbanki með 27,5% hlut, lífeyrissjóðir og tilteknir starfsmenn fyrirtækisins.

III.

Niðurstaða

Samrunaaðilar starfa báðir við fjármálaþjónustu en að hluta til á ólíkum sviðum. Í samrunaskrá segir þó að mikill meirihluti heildartekna félaganna sé tilkominn vegna þóknana fyrir eignaumsýslu, eignastýringu og markaðsviðskipti, því beri að skilgreina markaði þessa máls með hliðsjón af starfssemi samrunaaðila.

Að mati Straums skiptist heildarmarkaður fyrir eignastýringu í þrjá meginmarkaði, þ.e. markað fyrir sjóði rekstrarfélaga verðbréfasjóða, markað fyrir stýringu á eignasöfnum viðskiptavina og markað fyrir sérhæfðar fjárfestingar f.h. viðskiptavina. Telur Straumur stærstan hluta markaðarins falla undir rekstur verðbréfasjóða og stýringu á eignasöfnum viðskiptavina. Samkeppniseftirlitið telur nálgun bankans á skiptingu markaðarins í undirmarkaði geta gefið vísbendingu um skiptingu í mismunandi samkeppnismarkaði. Hins vegar er framboð þjónustu á eignastýringarmarkaði fjölbreytt og sérhæft og kann að vera að önnur nálgun gefi réttari mynd af hugsanlegum samkeppnismörkuðum.

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2013 *Fjármálaþjónusta á krossgötum* var markaðnum skipt með örlítið frábrugðnum hætti frá því sem að ofan greinir, þ.e. í almenna eignastýringarþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki, stýringu séreignalífeyrissparnaðar fyrir einstaklinga, einkabankaþjónustu og sérgreinda eignastýringu fyrir fagfjárfesta. Í þessu máli verður stuðst við markaðsskilgreiningu eftirlitsins úr skýrslunni.

Með bréfum, dags. 13. janúar sl., óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum um umsvif helstu aðila sem starfa á eignastýringarmarkaði. Jafnframt var þeim gefið færi á því að koma fram með sjónarmið um áhrif samrunans á virkni markaðarins. Með hliðsjón af framlögðum gögnum aðila á markaðnum eru ekki vísbendingar um að samrunaaðilar komi til með að ná markaðsráðandi stöðu á nokkrum hugsanlegum undirmarkaði eignastýringarmarkaðar. Markaðshlutdeild stóru viðskiptabankanna þriggja, Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans, er í öllum tilfellum veruleg – hvernig sem á markaðinn er litið. Jafnframt eiga bankarnir þrír dótturfyrirtæki sem hafa með höndum rekstrarfélög verðbréfasjóða. Umsvif viðskiptasamstæðna stóru bankanna þriggja er hins vegar mjög mismunandi, en samstæða Arion banka er umsvifamesti aðilinn á eignastýringarmarkaði.



Í fyrrgreindri skýrslu Samkeppniseftirlitsins var markaðshlutdeild stóru bankanna þriggja í eignastýringu metin vera á bilinu 62%-86% eftir því til hvaða markaðsskilgreiningar var litið. Með vísan til svara aðila á markaðnum við fyrrgreindum upplýsingabeiðnum eftirlitsins og annarra gagna sem eftirlitið hefur aflað er það mat eftirlitsins að þær ályktanir sem dregnar voru í skýrslunni séu í öllum meginatriðum enn í gildi.

Í skýrslunni var þeim tilmælum beint til Íslandsbanka að selja hlut sinn í Íslenskum verðbréfum til aðila óháða stóru viðskiptabönkunum þremur. Bankinn hafði eignast hlutinn í kjölfar yfirtöku bankans á Byr sparisjóði. Með ákvörðun nr. 33/2011 *Yfirtaka Íslandsbanka hf. á Byr hf.* heimilaði Samkeppniseftirlitið yfirtöku á Byr hf. á grundvelli reglu um yfirtöku á fyrirtækjum á fallanda fæti. Við slíkar aðstæður er Samkeppniseftirlitinu ekki heimilt að setja yfirtökum skilyrði.

Að undangenginni rannsókn, er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruni Straums og ÍV hindri virka samkeppni. Með samrunanum mun 27,5% hlutur Íslandsbanka í ÍV hins vegar fara til aðila sem er ótengdur stóru bönkunum þremur. Að öðru jöfnu er sú ráðstöfun jákvæð fyrir samkeppni á markaðnum, jafnframt kann með samrunanum að verða til aðili á markaði sem getur veitt stóru bönkunum þremur virkari samkeppni á sviði eignastýringar en fyrir samrunann. Að öllu framangreindu virtu þ.m.t. sjónarmiðum ótengdra aðila sem starfa á sömu mörkuðum og samrunaaðilar er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til þess að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast vegna samruna Straums fjárfestingarbanka hf. og Íslenskra verðbréfa hf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson